

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöðin Höfði Reykjavík



Dags eftirlits	5.4.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Malbikunarstöðin Höfði	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Sævarhöfði 6 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5810962919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	362038,627 405923,675

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar magn ryks í útblæstri í ViaNova stöð (eldri stöð) en engin athugasemd var gerð í eftirlitinu. □

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið sem gildir til 1. febrúar 2019, og minnt á skiladaga skv. því.

Búið er að mæla alla geymanna skv áætlun og var síðasti geymirinn (merktur birgðatankur 3) mældur þann 6. janúar sl. Stóðst hann þykktarmælinguna og samþykkir stofnunin áframhaldandi notkun hans. Minnt er á að komið er að þrýstiprófun á lögn nr. 2 nú í ár og lögn nr. 1 árið 2018.

Tvær olfuskiljur eru á lóðinni auk einnar líftillar skilju sem notuð er til vara. Voru þær síðast tæmdar af Hreinsitækni þann 9. september 2016, alls 1.270 kg. Eru skiljurnar tæmdar reglulega, a.m.k. einu sinni á ári, árið 2016 voru skiljurnar tæmdar tvisvar sinnum. Mælingar voru gerðar á olfu í fráveitu á síðasta ári og voru gildin undir mörkum starfsleyfis sem er 15 mg/kg.

Farið var yfir niðurstöður mælinga síðasta árs og voru þær allar innan marka hvað varðar Benninghoven stöðina (nýrri stöðin) en í ViaNova stöð voru gildi ryks töluvert yfir mörkum starfsleyfis, eða 156,8 mg/Nm³, en losunarmörk í starfsleyfi eru 50 mg/Nm³. Eftir mælinguna var stöðin yfirfærð og allur hreinsunarbúnaður endurnýjaður. Næstu mælingar á stöðinni eru áætlaðar nú í vor þegar framleiðslan fer aftur í gang eftir vetrarlokun. Sísmælingar á ryki eru í báðum stöðvunum og því heimilt að þær mælingar séu staðfestar annað hvert ár af óháðum aðilum, en ekki árlega eins og vera ber þar sem sísmælingar eru ekki viðhafðar. Hávaðamælingar voru framkvæmdar á lóðinni í ágúst 2014 og voru gildi þeirrar mælingar innan marka starfsleyfis.

Grænu bókhaldi v. ársins 2016 hefur verið skilað til eftirlitsaðila. Allur úrgangur er flokkaður og hefur náðst góður árangur í þeim efnum. Ekki er um spilliefni að ræða fyrir utan úrgangsolíu úr þróm sem Hreinsitækni sækir og rafgeyma en rekstraraðili kemur þeim sjálfur til spilliefnamóttöku enda ekki um marga geyma að ræða árlega. Bömbum utan af Wetfix-N viðloðunarefni er komið til spilliefnamóttöku. Settar eru auka lekabyttur undir Wetfix-N bambanna þegar verið er að vinna með efnið. Olfuskipti á bílum og vélum fara fram á verkstæði. Bílpallar eru hreinsaðir með lífrænum hreinsiefnum og notkun terpentínu hefur nánast verið hætt og er þá eingöngu notuð til hreinsunar á búnaði.

Fyrirhugað er að færa til olfugeyma sem staðsettir eru á lóð rekstraraðila en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um staðsetningu þeirra. Einnig er unnið að breyttu fyrirkomulagi varðandi stærðarsamsetningu geymanna. Viðræður um flutning stöðvarinnar standa enn yfir og ekki komin niðurstaða í þeim málum.

Unnið er stöðugt að þróun vinnslu á endurunni malbiki og er það smá saman að verða algengara að verktakar kaupir það í sína vinnu. Nú í ár hefur Reykjavíkurborg tekið inn endurinnið malbik til stígagerðar. Töluverður kolefnissparnaður næst með því að endurvinna malbikið og leggur rekstraraðili áherslu á að prófa nýjar leiðir til aukinnar endurnýtingar og fjölbreyttari notkunar.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Gengið var um lóðina og svæðið skoðað. Tvær stöðvar eru á lóðinni, eldri og yngri og eru þær keyrðar eftir þörfum. Skorsteinn er við hvora stöð og er sísmæling í þeim báðum. Færribönd eru yfirbyggð og fínefnageymsla er við brothús til varnar foki á fínasta efninu. Annars eru hráefnin geymd utandyra í aðskildum haugum. Lóðin er nær öll malbikuð.

Neyðar- og viðbragðsáætlun er til staðar sem og vöktunarplan fyrir umhverfismælingar og áætlun um frágang v. stöðvunar á rekstri.

Frávik frá

Gr. 2.8 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Losunarmörk starfsleyfis í útbæstri eru 50 mg/Nm³, en skv. mælingu sem gerð var þann 12. júlí sl. af Verkís verkfræðistofu kemur fram að gildi ryks í útblæstri ViaNova stöðvarinnar hafi verið 156,8 mg/Nm³. Strax var farið í endurbætur á stöðinni, skipt um allar síur og hreinsibúnaður allur yfirfarinn. Næstu mælingar eru áætlaðar þegar malbiksframleiðslan hefst aftur nú í vor eftir vetrarlokun og verða niðurstöður þeirra mælingar sendar eftirlitsaðila um leið og þær berast.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu. □

ANNAÐ

Engin malbiksframleiðsla er yfir háveturinn og er sá tími notaður til viðhalds og endurbóta. Engin framleiðsla var þegar eftirlitið fór fram.

Mosfellsdal hefur verið lokað. Er nú meirat efni innflutt en áður.

Stöðin er vottuð, bæði fyrir ISO 14001 og ISO 9001 og kemur vottunaraðili næst til úttektar í júní nk. Rekstraraðili hefur einnig skrifað undir loftslagsskilmála FESTA.


Minnt er á að tilkynna þarf til eftirlitsaðila áður en framkvæmdir við tilfærstu olíugeyma hefjast.

Eftirlitið var viðstaddur Ásgeir Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. □

Reykjavík, 26.04.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir